

Dags. 11. maí 2023

Viðtakandi: Íbúaráð Kjalarness

Ágæta íbúaráð.

Stundum þegar ég hef verið að labba fjöruna okkar í "hina" áttina þá hefur mér dottið í hug að gaman væri að brúa lækinn sem rennur niður rétt við skolpdælustöðina því hann er stundum leiðinlegur yfirferðar og dregur heldur úr fólki að ganga þessa leið. Svo, á göngu minni um daginn rakst ég á rafmagnsstaura sem legið hafa í nokkur ár hér á túni og datt eftirfarandi í hug;

Ef að ég gæti snapað einn staur og fengi áhaldahúsið til að flytja hann fyrir mig og sett hann á réttan stað (sjá mynd) og síðan gæti ég etv. með hjálp laghentra nággranna smíðað litla brú þá væru samgöngumál fjörunnar leist.

Ástæða þess að ég sendi ykkur þetta bréf er að kanna hvort þið hefðuð nokkuð á móti því að ég framkvæmi þessa hugmynd. Maður getur jú ekki hent niður brú í óleifi. Öll vinna við verkið yrði sjálfboðavinna og markmiðið er að "stækka" nátturusvæði hverfisins.